

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Apríl 2025

Aðild Íslands að NATO og ESB

NATO

Rúmlega 71% landmanna er hlynnt veru Íslands í NATO en tæplega 12% andvíg. Þetta er svipað hlutfall og hefur áður mælst.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) veru Íslands í NATO?




Fólk yfir fimmtugu og undir þrítugu er almennt hlynntara veru Íslands í NATO en fólk milli þrítugs og fimmtugs, sem er aftur líklegra en yngra og eldra fólk til að segja hvorki hlynnt né andvíg. Þau sem kysu Pírata ef kosið yrði til Alþingis í dag eru síst hlynnt veru Íslands í NATO en þar á eftir koma þau sem kysu Vinstri græn og Sósíalistaflokk Íslands. Þau sem kysu stjórnarflokkana eða Framsóknarflokkinn eru helst hlynnt veru Íslands í NATO.

Greiningar

Aldur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




* Marktækur munur á milli hópa

ESB

Ríflega 44% eru hlynnt því að Ísland gangi í Evrópusambandið (ESB) en hátt í 36% andvíg. Þetta er svipað hlutfall og þegar spurt var fyrir þremur árum, en þá hafði stuðningurinn verið að aukast*. Fyrir fimmtán árum voru 26% hlynnt aðild Íslands að Evrópusambandinu, fyrir ellefu árum 37% og fyrir þremur árum 47%. Munur á hlutfalli þeirra sem eru hlynntir aðild núna og fyrir þremur árum er ekki tölfræðilega marktækur.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Ísland gangi í Evrópusambandið (ESB)? *



* Orðalag spurningar er örlítið breytt. Áður var spurt um viðhorf til aðildar Íslands að ESB en ekki til inngöngu Íslands í ESB.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru frekar hlynntir því en íbúar landsbyggðarinnar að Ísland gangi í ESB. Fólk með háskóla-menntun er sömuleiðis frekar hlynnt því en fólk með minni menntun að baki. Þau sem kysu Viðreisn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru helst hlynnt inngöngu Íslands í ESB og þá þau sem kysu Samfylkinguna. Þau sem kysu Framsóknarflokkinn eru helst andvíg inngöngu Íslands í ESB.

Greiningar

Búseta *

Höfuðborgarsvæðið

Landsbyggðin

Menntun *

Grunnskólapróf

Framhaldsskólapróf

Háskólapróf

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *

Viðreisn

Samfylkinguna

Pírata

Sósíalistaflokk Íslands

Vinstri græn

Flokk fólksins

Sjálfstæðisflokkinn

Miðflokkinn

Framsóknarflokkinn

Skila auðu/Myndi ekki kjósa


Óákveðin(n)

* Marktækur munur á milli hópa

Hlynnt(ur)

Hvorki né

Andvíg(ur)



Spurt var:

- Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) veru Íslands í NATO?
- Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Ísland gangi í Evrópusambandið (ESB)?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 7. til 16. mars 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.742 og þátttökuhlutfall var 47,2%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.